

## AUGLÝSING

### um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 26. febrúar 1976 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

Síðasta málsgrein 16. gr. orðist svo:

Heimilt er að flytja lektor í dósentstöðu. Deild eða námsbraut skal hafa frumkvæði um slíka stöðuhækkun. Lektor, sem setið hefur í stöðu sinni í fimm ár, á rétt til þess, að deild hans eða námsbraut taki upp frumkvæði um stöðuhækkun honum til handa. Háskólaráð skal hverju sinni skipa dómnefnd til að dæma um hæfi lektorsins til þess að gegna hinu hærra starfi. Skal deild eða námsbraut tilnefna einn dómnefndarmanna og er hann formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra tilnefnir annan og hinn þriðja skipar háskólaráð án tilnefningar. Um hæfi dómnefndarmanna gildi sömu reglur og við dómnefndarskipun við ráðstöfun lausra starfa. Dómnefndin skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun. Skal hún láta uppi rökstutt álit um það, hvort af störfum lektorsins við háskólann og af fyrra ferli hans megi ráða, að hann sé hæfur til þess að gegna hinu hærra starfi. Að fengnu áliti deildar eða námsbrautar gerir háskólaráð tillögu til menntamálaráðuneytis um afgreiðslu málsins. Ekki er heimilt að flytja lektorinn í hið hærra starf, nema dómnefndin segi berum orðum að hann sé til þess hæfur.

#### 2. gr.

33. gr. orðist svo:

Við frumskráningu og við árlega skráningu á 3. námsári skal stúdent leggja fram læknisvottorð þess efnis, að hann sé ekki haldinn smitandi berklaveiki. Læknisvottorðið skal eigi eldra en mánaðargamalt.

Háskólaráði er heimilt að kveða svo á, að stúdentar gangi undir berklarannsókn árlega samkvæmt auglýsingu. Nú sinnir stúdent ekki lögmætri eða fyrirskipaðri heilbrigðisrannsókn og varðar það viðurlögum samkvæmt 35. gr. 2. málsgrein, eða því, að stúdent er meinað að taka próf, uns skyldu er fullnægt.

Um stúdenta í læknisfræði gilda sérákvæði, sem sett eru í samráði við lækna-deild og skráð eru í reglugerð deildarinnar.

#### 3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu 27. febrúar 1976.*

Vilhjálmur Hjálmarsson.

*Arni Gunnarsson.*